

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Djúpavogshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Djúpavogshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Snædalsfoss í landi Bragðavalla – uppbygging áningastaðar.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti þann 13. febrúar 2020 deiliskipulag vegna uppbyggingar áningastaðar við Snædalsfoss. Deiliskipulagið tekur til 18 ha svæðis við Snædalsfoss. Gert er ráð fyrir uppbyggingu göngustíga, útsýnispalls, aðstöðuhúss fyrir salerni og geymslu auk leiðbeininga- og fræðsluskilta.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. skipulagsfulltrúa Djúpavogshrepps, 14. apríl 2020,

Páll Jakob Líndal.

B-deild – Útgáfud.: 27. apríl 2020